



ÚRSKURÐARNEFND  
VELFERÐARMÁLA

ÁRSSKÝRSLA  
2020

## **Úrskurðarnefnd velferðarmála**

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

Sími: 551-8200

postur@urvel.is [www.urvel.is](http://www.urvel.is)

Umsjón og ritstjórn: Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi

# Efnisyfirlit

<b>Ávarp formanns</b> .....	<b>4</b>
<b>Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála</b> .....	<b>5</b>
<b>Málafjöldi</b> .....	<b>6</b>
a) Fjöldi mála 2020 .....	6
b) Fjöldi mála 2016–2020.....	7
<b>Málaflokkar</b> .....	<b>8</b>
a) Almannatryggingar.....	8
b) Atvinnuleysisstryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir .....	10
c) Barnavernd .....	10
d) Félagsþjónusta og húsnæðismál.....	11
e) Fæðingar- og foreldraorlof.....	13
f) Greiðsluaðlögun .....	14
<b>Málsmeðferðartími</b> .....	<b>15</b>
<b>Ýmsar upplýsingar</b> .....	<b>16</b>
a) Fjármál .....	16
b) Umboðsmaður Alþingis .....	16
c) Ýmsar tölfraeðilegar upplýsingar .....	18
1. Afgreiðsla heildarfjöldu mála.....	18
2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum .....	19

## Ávarp formanns

Árið 2020 var að mörgu leyti sérstakt í ljósi þess að heimsfaraldur geisaði og hafði það áhrif á starfsemi úrskurðarnefndarinnar eins og flesta aðra vinnustaði. Við slíkar aðstæður verða áskoranir margar og mismunandi. Fyrst og fremst þurfti að huga að því hvernig leysa ætti verkefni úrskurðarnefndarinnar í ljósi þess að fjarvinna yrði það sem koma skyldi í einhvern tíma, en einnig var ljóst að ákveðin verkefni yrðu ekki unnin í fjarvinnu. Nauðsynlegt var að hugsa í lausnum þannig að halda mætti áfram á sömu braut og áður var. Þökk sé tækninni þá reyndist auðvelt að sinna ákveðnum verkefnum í fjarvinnu en þar kom samskiptaforritið Teams að góðum notum og eru starfsmenn sammála um að tímastjórnun hafi aldrei verið betri þar sem boðleiðir og samskiptaleiðir eru mjög stuttar og skjótvirkar.

Það jákvæða sem hægt er að taka út úr framangreindum aðstæðum er að í sumum tilvikum ganga hlutirnir einfaldlega hraðar og betur fyrir sig í fjarvinnu. Þegar litið er til þess þótti nauðsynlegt að huga að fjarvinnustefnu, stefnu sem farið yrði eftir til frambúðar, þar sem ljóst var að í sumum tilvikum hentaði fjarvinnan einstaklega vel. Það eru þó kostir og gallar við allt, að hittast í eigin persónu skiptir miklu máli, það dró því mjög mikið úr því. Þannig aðstæður eru ekki ákjósanlegar til lengri tíma ef hjá því verður komist. Starfsmönnum ber saman um að félagsskapurinn á vinnustaðnum sé mjög mikilvægur og fjarvinna sé ekki sú staða sem þeir kjósi alfarið, sé val um annað.

Málafjöldinn árið 2020 var samtals 679 mál sem þýðir að aukning frá fyrra ári nemur 120 málum. Aðstæður sem upp komu í heimsfaraldrinum urðu meðal annars til þess að verkefni úrskurðarnefndarinnar jukust til muna, málum fjölgaði mikið í ákveðnum málaflokkum, sér í lagi kærnum vegna atvinnuleysistrygginga þar sem málum fjölgaði um 141% á milli ára, en einnig varðandi félagsþjónustu og húsnæðismál þar sem málum fjölgaði um 60% á milli ára. Ný verkefni bættust við, sbr. 13. gr. laga nr. 24/2020 um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir, sbr. og kærheimild til úrskurðarnefndarinnar í 14. gr. laga nr. 74/2020 um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða.

Rafrænum kærnum fjölgar enn á milli ára. Á árinu 2019 voru rafrænar kærur 47% af heildarfjölda kæra, en fjölgaði í 71% á árinu 2020, sem hefur orðið til þess að gögn berast með hraðari hætti á milli úrskurðarnefndarinnar og kærenda. Þegar af þeirri ástæðu gengur vinnsla mála mun hraðar fyrir sig en áður var.

Vegna umræddra utanaðkomandi áhrifa á vinnustaðinn og síbreytilegra aðstæðna sem sköpuðust, var meirihluta ársins verið að huga að nýjum leiðum til að vernda vinnustaðinn og þá sérstaklega starfsfólkið. Þegar allir leggjast á eitt til að láta hlutina ganga upp gengur allt svo miklu betur og var það reyndin hjá úrskurðarnefndinni, enda gekk starfsemi nefndarinnar mjög vel, þrátt fyrir óvenjulegar aðstæður.

Það kom berlega í ljós árið 2020 að sú tækniþróun sem orðið hefur undanfarin ár varð til þess að starfsemi úrskurðarnefndarinnar hélt áfram eins og best varð á kosið miðað við aðstæður og fyrir það ber að þakka.



Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir formaður

## Skipan úrskurðarnefndar velferðarmála

Úrskurðarnefndin er annars vegar skipuð fjórum nefndarmönnum, sem skipaðir eru í fullt starf til fimm ára, og hins vegar átta nefndarmönnum og jafnmörgum til vara sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn, sbr. 2. gr. laga nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála. Skipunartími hinna síðarnefndu rann út árinu 2020 og voru eftirfarandi breytingar gerðar á nefndarskipun:

Átta nefndarmenn/varamenn sem skipaðir voru árið 2020:

### **Aðalmenn:**

Agnar Bragi Bragason lögfræðingur  
Anna Rut Kristjánsdóttir lögfræðingur  
Arnar Kristinsson lögfræðingur  
Björn Jóhannesson lögfræðingur  
Eva Dís Pálmadóttir lögfræðingur  
Guðfinna Eydal sálfræðingur  
Kristinn Tómasson læknir  
Þórhildur Líndal lögfræðingur

### **Varamenn:**

Ari Karlsson lögfræðingur  
Erla Guðrún Ingimundardóttir lögfræðingur  
Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögfræðingur  
Gunnar Sær Ragnarsson lögfræðingur  
Helgi Viborg sálfræðingur  
Jón Baldursson læknir  
Margrét Gunnlaugsdóttir lögfræðingur  
Unnþór Jónsson lögfræðingur


Úrskurðarnefndin þakkar fráfarandi nefndarmönnum vel unnin störf og býður núverandi nefndarmenn velkomna til starfans.

# Málafjöldi

## a) Fjöldi mála 2020

Á fimmta starfsári úrskurðarnefndar velferðarmála bárust nefndinni samtals 679 kærur sem skiptast á eftirfarandi hátt eftir málaflokkum:


Kærur - málaflokkar	Fjöldi mála
Almannatryggingar	375
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	171
Barnavernd	25
Félagsþjónusta og húsnæðismál	80
Fæðingar- og foreldraorlof	18
Greiðsluaðlögun	8
Óflokkað	2
Samtals:	679



## b) Fjöldi mála 2016–2020

Í neðangreindri töflu og súluriti eru upplýsingar um skiptingu kæra milli málaflokka frá 2016, þ.e. frá stofnun úrskurðarnefndarinnar fram til ársins 2020.

Kæurur - málaflokkar	2016	2017	2018	2019	2020
Almannatryggingar	327	319	334	385	375
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	37	59	39	71	171
Barnavernd	32	23	17	37	25
Félagsþjónusta og húsnæðismál	56	45	39	50	80
Fæðingar- og foreldraorlof	18	17	12	9	18
Greiðsluaðlögun	36	20	9	7	8
Óflokkað	0	4	4	0	2
Samtals:	506	487	454	559	679




# Málaflokkar


Úrskurðarnefnd velferðarmála skal úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana eftir því sem mælt er fyrir um í lögum sem kveða á um málskot til nefndarinnar, sbr. 1. gr. laga nr. 85/2015. Þeir málaflokkar sem úrskurðarnefndin hefur til meðferðar koma fram í eftirfarandi sex liðum, meðal annars upplýsingar um skiptingu mála eftir því hvert ágreiningsefnið er. Í þeim kökuritum þar sem verið er að fjalla um niðurstöðu úrskurða er einungis verið að fjalla um efnislega niðurstöðu þeirra en ekki mál sem hafa verið framsend eða vísað frá.

## a) Almennatryggingar

Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varðar kærur vegna ákvæðana Sjúkratrygginga Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt lögum nr. 100/2007 um almennatryggingar, lögum nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, lögum nr. 74/2020 um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu og lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almennatrygginga.




## Almennatryggingar: Niðurstöður úrskurða\*




\* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.




Lög um almannatryggingar  
nr. 100/2007\*




Lög um félagslega aðstoð  
nr. 99/2007\*




Lög um sjúklingatryggingu  
nr. 111/2000\*



Lög um sjúkratryggingar  
nr. 112/2008\*



Lög um slysatryggingar  
almannatrygginga  
nr. 45/2015\*




\* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.

## b) Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir

Samkvæmt lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar eru kærar legar til úrskurðarnefndar velferðarmála ákvarðanir Vinnumálastofnunar um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kærar legar ákvarðanir Vinnumálastofnunar sem teknar eru á grundvelli laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir, svo og ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 24/2020 um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir.


Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir:  
Niðurstöður úrskurða\*



## c) Barnavernd

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er hægt að kæra margvíslegar ákvarðanir barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu til úrskurðarnefndar velferðarmála.


Barnavernd:  
Niðurstöður úrskurða




\* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.

#### d) Félagsþjónusta og húsnæðismál

Nefndin úrskurðar í ágreiningsmálum er varða ákvarðanir félagsmálanefnda á grundvelli laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ákvarðanir Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, sem teknar eru á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur, og stjórnvaldsákvarðanir, sem teknar eru á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir, eru kæranlegar til nefndarinnar sem og ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli laga nr. 44/1998 um húsnæðismál. Jafnframt er unnt að kæra til nefndarinnar ákvarðanir sveitarfélaga um þjónustu sem teknar eru á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.




Félagsþjónusta og húsnæðismál:  
Niðurstöður úrskurða\*




\* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.


Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991\*




Lög um húsnæðisbætur nr. 75/2016




Lög um húsnæðismál nr. 44/1998



Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018\*



Lög um almennar íbúðir nr. 52/2016




\* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfalli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnslulaga.


### e) Fæðingar- og foreldraorlof

Samkvæmt lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof er unnt að kæra til nefndarinnar ákvarðanir Fæðingarorlofssjóðs um ágreiningsefni sem kunna að rísa á grundvelli laganna. Einnig eru kærarlegar ákvarðanir Tryggingastofnunar ríkisins um réttindi foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna sem teknar eru á grundvelli laga nr. 22/2006 um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.

Fæðingar- og foreldraorlofsmál:  
Skipting mála




Lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000



## f) Greiðsluaðlögun

Samkvæmt lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga eru tilteknar ákvarðanir umboðsmanns skuldara og umsjónarmanna með greiðsluaðlögunarumleitunum kæranlegar til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Greiðsluaðlögun:  
Niðurstöður úrskurða




# Málsmeðferðartími

Eitt meginmarkmiða úrskurðarnefndar velferðarmála er að afgreiða kærur innan þeirra tímamarka sem fram koma í lögum nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála. Í 3. mgr. 7. gr. segir að nefndin skuli kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan þriggja mánaða eftir að henni berst mál nema sérstakar ástæður hamli. Málsmeðferðartími telst frá þeim tíma er kæra berst nefndinni og þar til úrskurður er kveðinn upp. Málsmeðferðartími allra þeirra mála sem afgreidd voru árið 2020 var að meðaltali fjórir mánuðir. Árið 2019 var meðaltalið 3,46 mánuðir, árið 2018 var meðaltalið 3,35 mánuðir, árið 2017 var meðaltalið 5,24 mánuðir og árið 2016 var meðaltalið 6,87 mánuðir.

Málsmeðferðartími einstakra málaflokka var eftirfarandi að meðaltali:

Málsmeðferðartími 2016-2020 í mánuðum



# Ýmsar upplýsingar

## a) Fjármál

Í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál er lögð sérstök áhersla á hugsun til lengri tíma, stöðugleika í fjármálum og betri reikningsskil. Þegar fjármál hins opinbera eru annars vegar er markmiðið ávallt að sérhver stofnun sé með gegnsætt bókhald og haldi sig innan þeirra fjárheimilda sem heimilaðar eru í upphafi.

Fjárveitingar til úrskurðarnefndar velferðarmála vegna ársins 2020 voru 203.600.000 krónur. Sértekjur og aðrar tekjur nefndarinnar voru alls 14.300.000 krónur. Alls voru því til ráðstöfunar á árinu 217.900.000 krónur. Rekstrarkostnaður úrskurðarnefndarinnar vegna ársins 2020 nam 194.700.000 krónur. Rekstrarafgangur var því 23.200.000 krónur.



## b) Umboðsmaður Alþingis

Á árinu 2020 bárust úrskurðarnefndinni 15 erindi frá umboðsmanni Alþingis vegna kvartana frá kærendum eftir að úrskurðarnefnd velferðarmála hafði úrskurðað í þeirra málum. Meirihluti málanna vörðuðu almannatryggingar eða samtals tíu mál og fimm mál vörðuðu félagsþjónustu og húsnæðismál. Í lok árs var tíu málum ólokið.

Af þeim fimm málum sem er lokið, lauk þremur án aðgerða og tveimur málum lauk með ákvörðun úrskurðarnefndarinnar um að taka málin aftur upp að eigin frumkvæði.

Á árinu 2020 veitti umboðsmaður Alþingis einnig álit í fjórum málum frá árinu 2019. Tvö málanna vörðuðu almannatryggingar, það þriðja varðaði barnavernd og fjórða málið varðaði félagsþjónustu. Tveimur málum lauk án aðgerða og tveimur málum lauk með ábendingu til úrskurðarnefndarinnar.

### Mál sem bárust árið 2020

<b>Almannatryggingar</b>	<b>10</b>
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	0
Barnavernd	0
Félagsþjónusta og húsnæðismál	5
Fæðingar- og foreldraorlof	0
Greiðsluaðlögun	0

### Samtals

**15**

### Afgreiðsla mála árið 2020

Málum lokið án aðgerða	3
Úrskurðarnefndin tók mál upp í kjölfar álits umboðsmanns	2

### Mál sem bárust árið 2019

Almannatryggingar	2
Atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir	0
Barnavernd	1
Félagsþjónusta og húsnæðismál	0
Fæðingar- og foreldraorlof	1
Greiðsluaðlögun	0

### Samtals

**4**


### Afgreiðsla mála árið 2019

Máli lokið án frekari aðgerða	2
Máli lauk með ábendingu til nefndarinnar	2

## c) Ýmsar tölfraeðilegar upplýsingar

### 1. Afgreiðsla heildarfjölda mála





Úrskurðarnefnd velferðarmála afgreiddi samtals 615 mál á árinu 2020 með eftirfarandi hætti. Þar undir eru mál sem bárust árið 2020 svo og mál sem borist höfðu fyrir þann tíma en voru ekki afgreidd fyrr en á árinu 2020.



\* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfalli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnslulaga.


## 2. Niðurstaða úrskurða eftir stjórnvöldum

Eftirfarandi kökurit sýna niðurstöðu úrskurða árið 2020 eftir stjórnvaldi þegar úrskurðarnefndin hefur tekið afstöðu til ágreinings:




\* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.


Íbúðalánasjóður




Húsnæðis- og mannvirkjastofnun




Vinumálastofnun\*\*




Umboðsmaður skuldara



Reykjavíkurborg\*



Önnur sveitarfélög\*



\* Þegar niðurstaða máls telst vera „Annað“ er í þessu tilfalli átt við að nefndin hafi úrskurðað um hvort afgreiðsla stjórnvalds hafi verið brot á málshraðareglu stjórnarsýslulaga.

\*\* Þegar niðurstöðu máls er breytt er átt við að ákvörðun stjórnvalds hafi verið felld úr gildi og ný ákvörðun tekin eða að ákvörðun hafi verið staðfest að hluta til og ný ákvörðun tekin að hluta til.